

Fimmtudagur 16. mars

DV



SJÓNVARPIÐ

- 18.00 **Heiða (38)**. Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhannu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 **Stundin okkar - endursýning**. Umsjón Helga Steffensen. Stjórn upptöku Þór Elis Pálsson.
- 18.50 **Táknmálfréttir**.
- 19.00 **Endalok heimsveldis**. Palestína. Bresk fræðslumynd um hnignun breska heimsveldisins. Þýðandi Gylfi Pálsson.
- 19.54 **Ævintýri Tinna**.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.40 **Söngvakeppni Sjónvarpsins**. Íslensku lögin: Flutt lög Valgeirs Guðjónssonar og Gunnars Þórðarsonar. Kynnir Jónas R. Jónsson.
- 20.50 **Fremstur í flokki**. (First Among Equals). Þriðji þáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum byggður á sögu eftir Jeffrey Archer. Leikstjórnar John Corrie, Brian Mills og Sarah Harding. Aðalhlutverk David Robb, Tom Wilkinson, James Faulkner og Jeremy Child. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 21.40 **Íþróttir**. Umsjón Ingólfur Hannesson.
- 22.00 **Jean Sibelius - 91 vor**. Heimildamynd um hið ástsæla tónskáld Finna byggð á dagbókum skáldsins og myndum frá tímum hans en Sibelius lést árið 1957. Þýðandi Kristín Mäntylä. (Nordvision - Finska sjónvarpið).
- 23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok**.



- 15.45 **Santa Barbara**. Bandarískur framhaldsþáttur.
- 16.30 **Með Afa**. Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
- 18.00 **Snakk**. Tónlist úr öllum áttum. Fyrri hluti. Seinni hluti verður sýndur föstudaginn 17. mars.
- 18.20 **Handbolti**. Sýnt verður frá leik í 1. deild karla í handbolta.
- 19.19 **19:19**. Lífandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.30 **Morögáta**. Murder She Wrote. Sakamálaþáttur með Angelu Lansbury í aðalhlutverki.
- 21.20 **Forskot á Pepsi popp**. Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsi popp sem verður á dagskrá á morgun.
- 21.30 **Þrieykið**. Rude Health. Breskur gamanmyndaflokkur um lækna sem gera hvert axarskaftið á færur öðru. Aðalhlutverk: John Wells, John Bett og Paul Mari.
- 21.55 **Ærsladragurinn II**. Poltergeist II. Fimmtudagsspennumyndin er að þessu sinni framhald hinnar geysivinsælu myndar Poltergeist eftir Steven Spielberg og fleiri. Þar greinir frá fjölskyldu sem uppgötvar að illir andar herja á heimilið og hafa náð tökum á dótturinni sem er fimm ára. Aðalhlutverk: JoBeth Williams, Craig T. Nelson, Heather O'Rourke og Oliver Robins. Leikstjóri: Brian Gibson. Alls ekki við hæfi barna.
- 23.25 **Lif Zapata**. Viva Zapata. Í myndinni er saga Zapata rakin frá því hann var á unglingsaldri og stýrði sendinefnd til Mexíkó borgar til að mótmæla stuldi á landi fólks síns. Síðar var hann gerður útlægur en eftir það gerðist Zapata skæruliðaforingi og steypti stjórn Díaz af valdastöðu. Aðalhlutverk: Marlon Brando, Anthony Quinn og Jean Peters. Leikstjóri: Elia Kazan.
- 1.20 **Dagskrárlok**.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir**. Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flýtur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunsárið með Randverí Þorlákssyni**. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið út forustu-greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litli barnatíminn**: „Litla lambið“ eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður

- Eyþórsdóttir les (6.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi**. Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendabátt. (Einnig útvarpað kl. 18.20 síðdegis.)
- 9.40 **Landpósturinn** - Frá Norðurlandi. Umsjón: Karl E. Pálsson.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir**.
- 10.30 **Eg man þá tíð**. Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
- 11.00 **Fréttir**.
- 11.03 **Samhljómur**. Umsjón: Leifur Þórarinnsson. (Einnig útvarpað á miðnætti.)
- 11.55 **Dagskrá**.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** - Samvera fjöl-skyldunnar. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan**: „Í sálarháská“, ævisaga Árna prófasts Þórarinnssonar. Þórbjörg Þórðarson skráði. Pétur Pétursson les (13.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Snjálög**. - Snorri Guðvarðarson. (Einnig útvarpað aðfararótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Leikrit vikunnar**: „Þrjár sögur úr heita pottinum“ eftir Odd Björnsson. Leikstjórn: Lárus Ymir Óskarsson. Leikendur: Rúník Haraldsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sigurður Skúlason, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Helgi Skúlason og Guðrún Gísladóttir. (Áður á dagskrá 1983) (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
- 15.45 **Pingfréttir**.
- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin**. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið** - Bók vikunnar: „Dagbók Önnu Frank“. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist á síðdegi** - Beethoven og Schubert.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Að utan**. Fréttabáttur um erlend málefni.
- 18.20 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendabátt. (Endurtekinn frá morgni.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir**.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.10 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Daglegt mál**. Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flýtur.
- 19.37 **Kviksjá**. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn**: „Litla lambið“ eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður Eyþórsdóttir les (6.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Úr tónkverinu** - Resitatíf og ariá. Þýddir og endursagðir þættir frá þýska útvarpinu í Köln. Niundi þáttur af þéttan. Umsjón: Jón Örn Marinósson. (Áður útvarpað 1984.)
- 20.30 **Frá tónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands í Háskólabíói** - Fyrri hluti. Stjórnandi: Moshe Atzmon Einleikari: Gísl Magnússon. - „Lilja“ eftir Jón Ásgeirsson. - Pianókoncert nr. 4 í G-dúr eftir Ludwig van Beethoven. Kynnir: Jón Múli Árnason.
- 21.30 **„Þetta er ekkert alvarlegt“**. Rósa Guðný Þórsdóttir les smásögur eftir Friðu Á. Sigurðardóttur.
- 22.00 **Fréttir**. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir**.
- 22.20 **Lestur Passíusálma**. Guðrún Ægisdóttir les 45. sálm.
- 22.30 **Ímynd Jesú í bókmenntum**. Fjórði þáttur: Sigurður A. Magnússon ræðir um verk Nikos Kazantzakis. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Frá tónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands í Háskólabíói** - Síðari hluti. Stjórnandi: Moshe Atzmon. - Sinfónía nr. 4 í d-moll eftir Robert Schumann. Kynnir: Jón Múli Árnason.
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhljómur**. Umsjón: Leifur Þórarinnsson. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir**. Næsturútlag á samtengdum rásum til morguns.



- 01.10 **Vökulögin**.
- 7.03 **Morgunútvarpið**. Leifur Hauks-son og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Stúlkán sem bræðri íshjörtun**, Eva Ásrún kl. 9. Morgunyrpa Euv Ásrúnar Alþérsdóttur. - Afmæliss-

- kveður kl. 10.30 og fimmtudags-getraunin.
- 11.03 **Stefnumót**. Jóhanna Harðar-dóttir tekur fyrir það sem neytend-ur varðar.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.15 **Heimslöðin**.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatiu**. Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.05 **Milli mála**, Óskar Páll á útkikki og leikur ný og fin lög. - Útkikkið upp úr kl. 14. - Hvað er í bíó? - Ólafur H. Torfason. - Fimmtu-dagsgetraunin endurtekin.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútlag fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ávar Kjartansson og Sigríður Einars-dóttir. - Kaffispijall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendabjónustan kl. 16.45. - Meinhornið kl. 17.30, kvartanir og nöldur. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18. - Þjóð-arsálin, þjóðfundur í beinni út-sendingu að loknum fréttum kl. 18.03.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flýgjendum.
- 20.30 **Útlag unga fólksins**. Vern-harður Linnét verður við hjóð-nemann.
- 21.30 **Kvöldtónar**.
- 22.07 **Sperrið eyrun**. Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ell-efta tímanum.
- 01.10 **Vökulögin**. Tónlist af ýmsu tagi í næsturútlagi til morguns. Sagð-ar fréttir af veðri, færð og flugsam-göngum kl. 5.00 og 6.00. Veður-fregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 - 8.30 **Svæðisútlag Norð-urlands**.
- 18.03 - 19.00 **Svæðisútlag Norð-urlands**.
- 18.03 - 19.00 **Svæðisútlag Aust-urlands**.



- 7.30 **Páll Þorsteinsson**: Tónlist sem gott er að vakna við, lítið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir**. Góð Bylgjutónlist hjá Valdisi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
- 14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson**. Góð stemning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis** - Hvað finnst þér? Steingrímur og Bylgju-hlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**.
- 20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**.
- 24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar**.



- 7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur þúlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
- 10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson**. Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsgögu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum göðum lummum.
- 14.00 **Gísl Kristjánsson** spilar óska-lögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
- 18.00 **Al líkama og sál**. Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opin vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmæl-anda Bjarna Dags.
- 19.00 **Setið að snæðingi**. Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
- 20.00 **Sigurður Helgi Hlökkversson og Sigursteinn Másson**. Þessir tveir bráðhressu dagskrágerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óska-lagasíminn sem fyrr 681900.
- 24.00 **Næturstjórnur**. Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfir-lit kl. 8.45.

Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

- 7.00 **Réttum megin fram úr**. Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
- 9.00 **Morgungull**. Hafdis Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgun-vaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmælskveðju- og óska-lagasíminn er 27711 fyrir Norð-landinga og 625511 fyrir Sunn-landinga.
- 12.00 **Ókynnt hádegistónlist**.
- 13.00 **Perlu og pastaréttir**. Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og litur m.a. í dagbók og slúður-blöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmælskveðjur eru 27711 fyrir Norðlandinga og 625511 fyrir Sunnlandinga.
- 17.00 **Síðdegi í lagi**. Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belg-urinn, upplýsingapakki og það sem frétt næmast þykir hverju sinni.
- 19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist**.
- 20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tón-listinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
- 23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægi-lega tónlist fyrir svefninn.
- 1.00 **Dagskrárlok**.



- 10.00 **Morgunstud**. Guðs orð og bæn.
- 10.30 **Alfa með erindi til þín**. Margvis-legir tónar sem flytja blessunarrík-an boðskap.
- 14.00 **Orð Guðs til þín**. Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
- 15.00 **Alfa með erindi til þín**, frh.
- 21.00 **Bíblíulestur**. Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
- 21.45 **Miracle**.
- 22.00 **Alfa með erindi til þín**, frh.
- 24.00 **Dagskrárlok**.



- 13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
- 13.30 **Mormónar**. Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
- 14.00 **Hanagal**. Félag áhugaafólks um franska tungu. E.
- 15.00 **Alpýðubandalagið E**.
- 15.30 **Við og umhverfið**. Dagskrár-hópur um umhverfismál. E.
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum**. María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót**. Tónlist, fréttir og upp-lysingar um félagslíf.
- 17.00 **Breytt viðhorf**. Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra.
- 18.00 **Kvennautvarpið**. Ýmis kvenna-samtök.
- 19.00 **Ópið**. Þáttur laus til úmsóknar fyrir þig.
- 20.00 **FES**. Unglingabáttur. Umsjón: Íris.
- 21.00 **Barnatími**.
- 21.30 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.
- 22.00 **Spilari**. Tónlistarþáttur í umsjá Alexanders og Sylvians.
- 23.30 **Rótardraugar**. Lesnar drauga-sögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt til morguns með Baldri Bragasyni**. Fjölbreytt tón-list og svarað í síma 623666. Meðal efnis: Kl. 2.00 Við við-tækið. Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jó-hannas Eiríkssonar. E. Leikin breið-skífa næturinnar, lesið úr Ísólkinu o.fl.



- 16.00 **FÁ**.
- 18.00 **MH**.
- 20.00 **FB**.
- 22.00 **FG**.
- 01.00 **Dagskrárlok**.



- 18.00-19.00 **Fimmtudagsumræðan**. Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.



Í þættinum Ímynd Jesú í bókmenntum verður fjallað um tvær skáldsögur Nikos Kazantzakis.

Rás 1 kl. 22.30:

Ímynd Jesú í bókmenntum

- Síðasta freisting Krists

Ímynd Jesú í bókmenntum nefnist þáttaröð sem er á dagskrá rásar 1 á fimmtudagskvöldum. Sigurður A. Magnússon rithöfundur er umsjónarmaður þáttarins í kvöld sem fjallar um Krist-símyndina í tveimur skáldsögum Nikos Kazantzakis. Þær eru Kristur krossfestur að nýju sem ekki hefur verið

þýdd yfir á íslensku og Síð-asta freisting Krists sem Sigurður A. Magnússon þýddi og las sem framhalds-sögu í útvarpinu fyrir nokkrum árum. Þess má geta að fyrir skömmu var umdeild kvikmynd, gerð eftir skáldsögunni, sýnd í einu af kvikmyndahúsum borgarinnar.

Rás 1 kl. 13.05:

Samvera fjölskyldunnar

- breytingar á þjóðfélaginu

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið algerum stakkaskiptum síðan á síðustu öld. Við vinnum lengri vinnudag og fjölskyldan er minna saman en áður þegar afinn, amman, foreldrarinn og börnin bjuggu saman og unnu saman í baðstofunni. Í dag hittist fjölskyldan hins vegar oft á hlaupum á morgnana áður en börnin fara í skólann og foreldrarinn fara í vinnuna. Samvera á daginn er oft af skornum skammti og fjölskyldumeðlimir hittast oft ekki aftur fyrr en um kvöldmatarleytið.

Í þættinum Í dagsins önn, sem er á dagskrá í dag, verður fjallað um samveru fjölskyldunnar og meðal annars fylgst með pallborðsumræðu barna og fullorðinna í Gerðubergi. Umsjónarmaður þáttarins er Bergljót Baldursdóttir.



Spennumyndin Poltergeist II er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.

Stöð 2 kl. 21.55:

Ærsladragurinn II

- hin illu öfl snúa aftur

Poltergeist II er framhald samnefndrar myndar eftir Steven Spielberg.

Í fyrri myndinni segir frá Freeling fjölskyldunni en hún uppgötvar að illir andar herja á heimilið og hafa náð tökum á yngstu dótturinni sem er fimm ára. Þeim tekst að ráða niðurlögum illu andanna og allt fellur í ljúfa löð.

Þegar seinni myndin gerist hafa liðið fjögur ár og fjölskyldan býr hjá móður Diane sem bauð þau vel-

-J.Mar